

Sp.

299. Svar

[109. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um raforkuverð til álversins í Straumsvík.

1. Greiðslur Ísals fyrir raforku frá Landsvirkjun 1985.

Meðalverðið til Ísals á árinu 1985 var 12,5 US mill/kWh eða 51,80 aurar/kWh (bandaríkjadalur = 41,6 kr.). Á yfirstandandi ári var orkuverðið sem hér segir:

Á fyrsta ársfjórðungi: 12,500 mill/kWh.

Á öðrum ársfjórðungi: 12,500 mill/kWh.

Á þriðja ársfjórðungi: 12,724 mill/kWh.

Á fjórða ársfjórðungi: 12,586 mill/kWh (bráðabirgðaverð).

2. Raforkunotkun Ísals 1985–86.

Orkusala til Ísals og tekjur af henni á framangreindum tímabilum er sem hér segir:

	Orkusala GWh	Tekjur Millj. dala	Millj. kr.
1985	1 232,2	15,3	638,3 ¹⁾
1986 (áætl.)	1 310,0	16,5	675,7 ²⁾

1) Á meðalgengi ársins 1985 (bandaríkjadalur = 41,6 kr.).

2) Á áætluðu meðalgengi ársins 1986 (bandaríkjadalur = 41,0 kr.).

3. Horfur um raforkuverð og raforkunotkun Ísals 1987.

Á árinu 1987 er gert ráð fyrir því að meðalorkuverð til Ísals verði 13,5 US mill/kWh (54,7 aur/kWh miðað við bandaríkjadal = 40,5 kr.). Tekjur af áætlaðri orkusölu til Ísals 1987 (1385 GWh) eru áætlaðar 18,7 millj. bandaríkjadala (757,2 millj. kr. miðað við bandaríkjadal = 40,5 kr.).

4. Spá um raforkuverð og raforkunotkun Ísals 1985-87 skv. forsendum við afgreiðslu samninga við Alusuisse á Alþingi í nóv. 1984.

Samkvæmt þeim forsendum sem eðlilegt var talið að reikna með þegar samningar voru gerðir við Alusuisse í nóvember 1984 var áætlað að orkuverðið til Ísals, orkusala og tekjur af henni, yrðu sem hér segir 1985-87:

	Orkusala GWh	Verð í US mill á kWh	Tekjur Millj. dala	Millj. kr.
1985	1377	13,8	19,0	779,0
1986	1367	14,7	20,1	824,1
1987	1373	16,1	22,1	906,1

Hér er miðað við meðalgengi 1986 (bandaríkjadalur = 41,0 kr.).

5. Lækkun á raungildi raforkuverðs 1985-86 vegna lækkunar bandaríkjadals og alþjóðlegrar verðbólgu.

Varðandi lækkun á raungildi raforkuverðs á árinu 1985 og 1986 vegna lækkunar bandaríkjadals gagnvart öðrum gjaldmiðlum og vegna alþjóðlegrar verðbólgu leitaði ráðuneytið til Seðlabanka Íslands. Svar bankans er birt í sérstakri töflu með þessu svari.

Sé miðað við tímabilið janúar til desember 1985 hefur bandaríkjadalur lækkað sem hér segir:

Gagnvart vegnu meðalgengi	13,1%
Gagnvart SDR	10,5%
Hækkun framfærslukostnaðar í löndum OECD var á tímabilinu	3,8%

Sé miðað við þessar forsendur er heildarlækkun á verðgildi bandaríkjadals 1985 vegna gengisbreytinga og verðbólgu:

Miðað við vegið meðalgengi	17,4%
Miðað við SDR	14,7%

Sé miðað við tímabilið desember 1985 — október 1986 hefur bandaríkjadalur lækkað sem hér segir:

Gagnvart vegnu meðalgengi	13,1%
Gagnvart SDR	10,1%
Hækkun framfærslukostnaðar í löndum OECD var á tímabilinu	1,3%

Sé miðað við þessar forsendur er heildarlækkun á verðgildi bandaríkjadals 1986 vegna gengisbreytinga og verðbólgu:

Miðað við vegið meðalgengi	14,6%
Miðað við SDR	11,5%

Seðlabanki Íslands
Greiðslujafnaðardeild
7. nóvember 1986

	(MERM. - I.M.F.)		Gengi bandaríkjadals		Framfærslukostnaður	
	Vegið meðalgengi		gagnvart SDR ¹⁾		í OECD-löndum ¹⁾	
	Mánaðarlegt	Mánaðarlegt	Mánaðarlegt	Mánaðarlegt	Mánaðarlegt	Mánaðarlegt
	meðaltal 1985	meðaltal 1986	meðaltal 1985	meðaltal 1986	meðaltal 1985	meðaltal 1986
Janúar	104.6	89.7	102.8	91.3	100.7	104.9
Febrúar	108.2	86.2	104.2	88.8	101.1	104.9
Mars	109.1	84.3	104.0	87.3	101.7	104.6
Apríl	104.6	84.0	101.2	87.2	102.3	104.8
Mai	105.0	82.3	101.3	85.8	102.8	105.1
Júní	103.8	83.0	100.6	86.1	103.1	105.5
Júlí	100.1	80.9	98.3	84.3	103.2	105.5
Ágúst	97.9	79.4	97.0	82.9	103.3	105.6 ²⁾
September	98.9	79.1	97.5	82.8	103.7	105.8 ²⁾
Október	93.5	79.0 ²⁾	94.1	82.7	104.3	105.9 ²⁾
Nóvember	92.0		92.8		104.6	
Desember	90.9		92.0		104.5	

1) Nóvember 1984 = 100.00

2) Áætlað